

Leiklist

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun. Nemendur beita töluðu máli bæði í spuna og í meðferð skrifaðs leiktexta.

Tilraunir með mismunandi frásagnaraðferðir, málfar, málsnið og blæbrigði tungumálsins eru mikilvægur hluti af sköpunarferlinu í leiklist. Í listforminu er hið óyrta þó ekki síður mikilvægt en hið talaða mál og þannig reynir það á tjáningu í víðasta skilningi þess orðs.

Vinnulag: Nemendur læra einfalda leiktækni og þjálfa framkomu og samsköpun. Leitast við að laða fram sköpunargleði, frumkvæði og samkennd í gegnum leik og með verkefnum sem eru lögð fyrir. Nemendur vinna í hóp og taka virkan þátt í umræðum um verk sín og annarra.

Námsmat: Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir allt námsárið. Námsmat skiptist í **leiðsagnarmat**, þar sem nemendur fá endurgjöf og leiðsögn við verkefnavinnu, hópverkefni, framkomu o.fl. og **lokamat** þar sem hæfni nemenda er metin. Nemendur frá lokamat í bókstöfum: A, B+, B, C+, C, D, þar sem hæfniviðmið sem metur færni nemenda er haft til hliðsjónar.

Kennarar: Anna Íris Pétursdóttir

Tímaáætlun: 80 mínútur á viku, í fimm vikna lotum.

Námskrá leiklist 5. bekkur 2019-2020

Leiklist				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	Vitnisburður
<p><u>Sköpun og samvinna</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi, lagt fram sínar eigin hugmyndir og hugmyndir jafningja. nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþátta <p><u>Vinnubrögð</u></p> <ul style="list-style-type: none"> Notað einfalda leikmuni, sviðsbúnað og búninga til að styðja við sköpun sína. lært stuttan leiktexta og flutt 	<p>Efni frá kennara</p> <p>Benjamín Dúfa eftir Friðrik Erlingsson, gefin út af Vöku-Helgafelli.</p>	<p>Kennt gegnum leik – leikir og æfingar notaðar til að þjálfa færni nemanda m.a. í tjáningu, framsögn og samvinnu.</p> <p>Spuni – Spunaæfingar og leikir notaðir til að virkja ímyndunarafli og skapa stutta leikþætti</p> <p>Hópverkefni- Nemendur vinna saman í hóp til að skapa stutt verk út frá kveikju.</p>	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá einkunn og umsögn fyrir lotuna sem byggir á námsþáttum og hæfniviðmiðum Markmiðin er sett fram munnlega og með sýnikennslu. Í verkefnum er verið að meta virkni, sjálfstæði, hópavinnu, tjáningu og beitingu tækni. 	<p>Nemendur frá lokamat í bókstöfum: A, B+, B, C+, C, D, þar sem hæfniviðmið sem metur færni nemenda er haft til hliðsjónar.</p> <p>Nemendur fá umsögn í bókstöfum á hæfnikortið sem er sýnileg í Mentor.</p> <p>A Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p> <p>B+ Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A.</p> <p>B Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p>

Námskrá leiklist 5. bekkur 2019-2020

<p>hann í hlutverki á skýran hátt fyrir framan áhorfendur.</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum) <p><u>Gagnrýnin umræða</u></p> <ul style="list-style-type: none"> • Lýst leiknu efni á sviði og/eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum. • Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi. 				<p>C+ Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B.</p> <p>C Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p> <p>D Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p>
--	--	--	--	---